Graphica Atlantica

Myndlist

Valtýr Pétursson

Mikil grafísk veisla er haldin á Kjarvalsstöðum þessa dagana. Þar er grafík beggja vegna Atlantsála á boðstólum í orðsins fyllstu merkingu. Það fer ekki milli mála, að veisluborðið er nokkuð ofhlaðið. Sumt af því er þarna er til sýnis hefði mátt missa sig að meinalausu, og heildin batnað að mun, fengið sterkari svip og minni meðalmennsku orðið vart. Sem sagt, umfang þessarar sýningar er fremur ókostur en vinningur fyrir það stórmerka framtak, sem hér er á ferð. Val verka hefði getað verið betra, en eins og allir vita er auðvelt að vera vitur eftir á.

Félagið Íslensk grafík og Menningarmálanefnd Reykjavíkur hafa haft forgöngu um að koma þessari sýningu á laggirnar og hafa staðið myndarlega að verki. Veitt þrenn vegleg verðlaun fyrir bestu verkin á sýningunni, og ef ég veit rétt, hefur slíkt ekki gerst áður jafn ríkulega, en einhver verðlaun hafa verið veitt áður á sýningum ungra listamanna. Við, sem búin erum að fást við myndlist seinustu fjörutíu árin eða svo hér í borg, hefðum ekki haft hugmyndaflug til að láta okkur datta það í hug á okkar sokkabandsárum, að til þessa kæmi. Svona hefur nú hlutunum farið fram í okkar litla þjóðfélagi, þrátt fyrir allt. En eitt megum við vel muna: sýning sem þessi hefði ekki verið möguleg, ef Kjarvalsstaða hefði ekki notið við, en nú eru ein fjórtán ár síðan það hús var tekið í notkun. Báðir þeir aðlar, sem að þessari sýningu standa, eiga miklar þakkir skilið fyrir að stuðla hér að




Júní eftir Ulla Rantanen.


alþjóðlegum listviðburði, sem gerir samanburð mögulegan fyrir heimafólk og sýnir okkur, hvað er að gerast á þessu sviði beggja vegna Atlantshafs, þar sem land okkar liggur milli tveggja álfa, og spannar þessi sýning þær báðar að einhverju leyti.

Allir veggir eru nýttir á Kjarvalsstöðum, salir og gangar og umfang sýningarinnar eftir því. Það er því mikil vinna að skoða að einhverju ráði það, sem á boðstólum er, og því verður ekki neitað, að margur maðurinn mun fá meira en hann getur melt í bili sem þar trónar á veggjum. Þarna er að finna margan góðan hlutinn, en eins og jafnan á sýningum af þessu tagi, eru verkin úr ýmsum áttum, æði ólík og misjöfn. Sú fullyrðing sumra, að öll grafík sé mótuð í sama farveg, afsannast hér, og víða má finna séreinkenni hvers lands, ef vel er að gáð. Tækni er einnig nokkuð misjöfn, stíltegundir margar og sumar hverjar mjög fjörlegar, aðrar mildari og settlegri og enn aðrar í anda nútíma akademíu, þar sem farið er eftir einni og sömu uppskrift og unnið í líkum stíl beggja vegna Atlantshafsins. Sýning sem þessi gefur tilveru okkar við Sundin meiri og merkilegri svip, sem vonandi á framtíð fyrir sér í þessari litlu, en vaxandi borg.

Um eitt hundrað listamenn frá tuttugu og fjórum þjóðum eiga verk á þessari grafísku messu. Samtímis sýningarhaldinu var hér efnt til ráðstefnu grafíkera, þar sem menn réðu ráðum sínu, og án efa hefur það verið fróðlegt fyrir fólk að hittast og ánægjulegt að stofna til kunningsskapar, en það er önnur saga og á ekki heima í þessum



Já og tvöfalt nei (63 elskhugar) eftir Jacek Sroka.



Nafnlaus eftir Palle Nielsen.

línum. Flest eru verkin á þessari sýningu frá Íslandi og Bandaríkjunum, og sýna sautján listamenn frá Bandaríkjunum og átján frá Íslandi, en frá sumum hinna ríkjanna aðeins einn frá hverju landi. Það er ógerningur að tíunda hvert verk á þessari stóru sýningu, en ég vil þó benda á einstaka listamenn, sem vakið hafa sérstaka athygli mína. Verði skrifið of ítarlegt, les það enginn, það er mín reynsla eftir margra ára skrif um slíka hluti.

Vegleg sýningarskrá fylgir sýningu þessari og þegar henni er flett, staldra ég við Darin Broker frá Bandaríkjunum með afar sterka teikningu í verkum sínum og Karen Kunc, sem hlaut fyrstu verðlaun. Líklegast eiga Bretar þekktasta grafíklistamanninn á þessari sýningu, S.W. Hayter, sem á þarna úrvalsverk. Daninn Palle Nielsen vekur aðdáun með ágætum verkum. Finninn Ulla Rantanen er að mínu mati í sérflokki. Franski málarinn Messatier brillérar, eins og sagt er á slæmu máli. Riccardo Licata er góður fulltrúi Ítalíu. Júgóslavinn Boris Jesih er afar viðkvæmur í verkum sínum. Kanadamenn mæta með sterkt lið til leiks. Af Norðmönnum er það Yngvi Næsheim, sem vekur mestu eftirtekt. Jacek Sroka er fremstur landa sinna, Pólverja, enda með þriðju verðlaun á þessari sýningu. Rosa Tarruella er afar spönsk í einföldum verkum

VIÐ DRÖGUM
Í KVÖLD
265 STÓRVINNINGAR
Við látum vinningshafa vita.
SPARISJÓÐUR VÉLSTJÓRA
HEFUR AF STÓRHUG SYRKT ÞETTA HAPPDRÆTTI
KREDITKORTAÞJÓNUSTA
L.H.S
LANDSSAMBAND
HJÁLPARSVEITA SKÁTA
Opið til kl. 19:00 í happdrættisbíl í Austurstræti og til kl. 22:00 á Snorrabraut 60.
AUGLÝSINGAÞJÓNUSTAN ÍSÍA